



Vesturbyggð
Óskar Örn Gunnarsson
Aðalstræti 75
450 PATREKSFJÖRÐUR

Garðabær, 4.3.2025

Málsnúmer: 202501-0083

IAS

Efni: Ofanflóðavarnir á Bíldudal, deiliskipulag.

Vísað er í erindi frá Vesturbyggð, dagsett 20. janúar 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um ofanflóðavarnir v.á Bíldudal, deiliskipulag.

Deiliskipulagssvæðið er um 12,9 ha að stærð og nær yfir snjóflóðavarnarsvæði ofan byggðar á Bíldudal. Fyrirhugað er að reisa ofanflóðavarnir fyrir ofan byggð á Bíldudal til að tryggja öryggi íbúa. Krapaflóð, aurskriður og grjóthrun eru þekkt úr giljum sunnan Búðargils ofan Bíldudals en þar eru tvo stór gil; Búðargil og Stekkjargil en á milli þeirra eru Klofagil, Merkigil og Innsta gil. Reistur verður 8- 14 m hár og 1000 m þvergarður ofan byggðarinnar en neðan Stekkjar-, Klofa-, Merki- og Innstagils. Jafnframt verða reistar þrjár 4,5 m háar keilur neðan Stekkjargils.

Framkvæmdasvæðið er utan verndarsvæða og það er talsvert raskað. Fram kemur í greinargerð að vistgerðir með hátt verndargildi verða verndaðar eins og kostur er og að hefta á útbreiðslu lúpínu á svæðinu.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagið.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur